

Æskulýðs- og íþróttanefnd 19. jan. Kl. 17

Mættir: Erna Rut Kristjánsdóttir, Helga Guðmundsdóttir, Guðný Pálsdóttir, Svanur Grétarsson, Eydís Eyþórsdóttir, Ingi B. Ingason, Vignir Sveinsson og Helga Sveinsdóttir.

1. Eydís sagði frá félagsmálum. Æskulýðsball haldið í Borgarnesi 11. des. og fór hópur héðan og skemmti sér konunglega og var til fyrirmyndar í alla staði.

Stíll var haldinn 20. nóv. og fór hópur héðan úr 9. bekk og stóð sig mjög vel. Krakkar tóku þátt í menningarhátíðinni Norðurljósum, sömdu ljóð og máluðu myndir og sýning var haldin í kirkjunni.

Barnakórinn er með æfingar kl. 15 á fimmtudögum undir stjórn Lazlo og Svanur er með honum.

Í síðustu viku var farið í heimsókn á tvo staði í Reykjavík til að kynna sér starfsemi eldri borgara og er hægt að nýta ýmislegt hér í bæ.

2. Í X – inu gengur vel. Gos, sælgæti og snakk er stranglega bannað hjá yngri krökkunum þar sem umgegni með slíkt hefur ekki gengið sem skyldi. 5. bekk er boðið að koma í heimsókn fimmtudaginn 20. Janúar Framundan er Samfés 4. mars og hefur 8. – 10. bekkur kost á að fara . Enginn hefur sýnt áhuga á að halda undankeppni í söng.
3. - Helga G. stakk upp á að hafa atburðardagtal á Stykkishólmsvefnum þar sem allir viðburðir í bænum yrðu auglýstir.
- Svanur spurði um hvað hefði orðið af hátölurum sem X – ið átti og voru í gamla pósthúsinu. Einnig rætt um hvað hefur orðið af hinum ýmsu hlutum þaðan.
4. Vignir greindi frá að ballið með Páli Óskari á vegum Snæfells hafi tekist mjög vel og stóð körfuboltastjórn Snæfells sig mjög vel. Hann telur að ef slíkt ball yrði endurtekið þyrfti að sjá um slíkan viðburð á svipaðan hátt. Páll Óskar var til í að skoða ball á Dönskum dögum ef þeir verða, að ósk stjórnar Snæfells.

Léleg lýsing hefur verið í sundlauginni og er verið að vinna í þeim málum þessa dagana.

Á fimmtudag 21. jan. Kl. 14:30 verður brunaæfing með starfsfólki íþróttamiðstöðvar.

Helga G. og Vignir eru að vinna að dreifibréfi um breytingar á reglugerðum um sundlaugar.

5. Rætt um æfingahúsnæði fyrir hljómsveitir hér í bæ. Ákveðið að athuga með leikfélagshúsið.
6. Helga G. stakk upp að þegar skólalóðin yrði endurgerð þá mætti nýta hana til almenningsnota einnig. Einnig rætt um gönguleiðir í bænum og kringum hann, ýmsu ábótavant.
7. Helga G. vill halda fund með aðalstjórn Snæfells, helst í næsta mánuði.
8. Vilji er til að fara af stað með forvarnarfræðslu og hugmynd um að tengja það skólanum í þemaviku eða einhverju slíku og íþróttafélaginu.

Fundi slitið kl. 19